



BLÁSKÓGABYGGÐ



Frístundabyggð í landi Efra-Apavatns 1

LÝSING

Tillaga að deiliskipulagi


20.02.2020

Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Lýsing á deiliskipulagstillögu sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar er innan frístundasvæði F19, í landi Efra-Apavatns 1 og 2, skv. samþykktu Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Deiliskipulagssvæðið við Efra Apavatn 1 tekur til 8,1 ha svæðis. Landið hallar til austurs, niður að Apavatni og er að mestu leyti ósnortið land. Skipulagssvæðið afmarkast af vegi á mótinu suðri og vestri, frístundalóð Efra-Apavatns 1 lóð 167654 á mótinu norðri og Apavatni á mótinu austri. Innan skipulagssvæðisins eru skilgreindar 11 frístundalóðir og einlóð fyrir bátaskýli. Á tveimur frístundalóðum, þ.e. lóðunum 1.5 og 2.3, standa eldri frístundahús. Aðkoma að skipulagssvæðinu verður um núverandi veg sem tengist Laugarvatnsvegi (37). Árið 2018 var farið í landskipti á jörðinni Efra-Apavatni 1, jörðinni var skipt upp í 16 landspildur og eru þrjár þeirra innan skipulagssvæðisins, Efra-Apavatn 1A (Inr. 226187), Efra-Apavatn 1 Inr. 167652 og Efra-Apavatn 1 Inr. 167651.



Hluti af sveitarfélagsupprætti (byggðin) úr Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

Fyrirhugað deiliskipulag og markmið

Innan svæðisins eru tvær eldri frístundalóðir sem fá nýja afmörkun í fyrirhuguðu skipulagi. Skipulagið er ætlað að skapa ramma utan um heildstæða og vistvæna frístundabyggð, að byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og að landnýting sé eins hagkvæm og kostur er.

Skilgreint verður opið svæði til leikja og útivistar meðfram Apavatni. Neysluvatn verður sótt úr vatnsbóli sem er staðsett í hlíðinni fyrir ofan skipulagssvæðið. Upphitun bygginga verður með rafmagni. Gert er ráð fyrir rotþróum á hverri lóð. Vatn til slökkvistarfa verður fengið úr Apavatni. Losun og förgun sorps verður í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.



3.3
5000 m²
150 m²

3.2
5000 m²
150 m²

3.1
7316 m²
200 m²

2.1
5918 m²
160 m²

2.2
5918 m²
160 m²

2.3
5918 m²
150 m²

1.4
5000 m²
3849 m²

1.5
3056 m²

1.3
5000 m²
150 m²

1.2
5000 m²
150 m²

1.1
5000 m²
150 m²

3.4
805 m²
40 m²

8783 m²

9153 m²

Efra-Ápavain

Tengsl tillögu við aðrar skipulagsáætlanir

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25.05.2018. Í Aðalskipulagi er skilgreint 42 ha svæði til frístundabyggðar (F19) í landi Efra-Apavatns 1 og 2. Í stefnu aðalskipulags er kveðið á um að nýjar frístundalóðir skuli að jafnaði vera á stærðarbilinu 0,5-1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03, en í ákveðnum tilfellum getur nýtingarhlutfallið verið minna, allt að 0,05. Byggingarmagn aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymsla allt að 15 m², byggingarnar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Tillaga deiliskipulags er í samræmi við aðalskipulag

Áhrif áætlunar á samfélag og umhverfi

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* er svæðið nánast allt skilgreint sem skógrækt, víðkjarrvist og snarrótarvist. Vistgerðakortið *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslands* er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt í öðrum mælikvarða t.d. í 1:2000.

Skógrækt er ekki með verndargildi. Skógræktarsvæði með gömlum eða ungum ræktuðum skógum, þar sem plantað hefur verið erlendum barrtrjám og/eða lauftrjám eða innlendum trjátegunum (birki) í skóglítill eða skóglaus svæði.

Víðkjarrvist er með mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í víðkjarrvist getur verið ríkt fuglalífi og er algengt að varpfuglategundir nýti slíka vistgerð til varps t.d.Lóupræll og er hann einn af ábyrgðartegundum Íslands.

Snarrótarvist er með hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í snarrótarvist getur verið meðalríkt fuglalífi og er algengt að varpfuglategundir nýti slíka vistgerð til varps t.d.Lóupræll og er hann einn af ábyrgðartegundum Íslands.

Á framkvæmdatíma skal taka sérstaklegt tillit til víðkjarr- og snarrótarvistar og fuglalífs sem nýtir slíka vistgerðir til varps. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða skal lóðarhafi græða jafnóðum upp. Með uppbyggingu má gera ráð fyrir að lóðarhafar gróðursetji trjáplöntur, sem hefur jákvæð áhrif á bæði dýra- og plöntulíf á svæðinu.

Aðalskráning fornminja á þéttbýlisstöðunum þremur í Bláskógabyggð fór fram árið 2015. Einnig var unnið að svæðisskráningu fornminja. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags og minjar í þéttbýli á þéttbýlisuppdráttum. Engar friðlýstar fornminjar eru á skipulagssvæðinu, aðalskráning fornleifa liggur ekki fyrir varðandi skipulagssvæðið.

Samfélagsleg og hagræn áhrif verða jákvæð, þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu.

Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing á skipulagstillögu verður kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum í mars 2020. Hún mun verða auglýst með áberandi hætti og verður jafnframt aðgengileg á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita www.utu.is og á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita. Hagsmunaaðilum verður gefinn kostur á að koma með ábendingar á lýsingarferli. Enn fremur verður óskað umsagnar lýsingar deiliskipulags hjá eftirfarandi stofnunum: Skipulagsstofnun, Brunavarnir Árnassýslu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillaga frístundabyggðar í landi Efra-Apavatns 1 verði kynnt íbúum í maí 2020 og samþykkt í sveitarstjórn til auglýsingar í maí/júní 2020. Að lokinni samþykkt skal sveitarstjórn senda tillöguna til umsagnar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst sbr. 41. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur gildi þegar staðfesting skipulagsins hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og má reikna með að það verði haustið 2020.